

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og eyðingu sorps í Hvalfjarðarsveit.

1. gr.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar skal skv. 5. gr. samþykktar nr. 582/2008 um meðhöndlun úrgangs í Hvalfjarðarsveit, innheimta gjald fyrir meðhöndlun og förgun úrgangs í sveitarfélaginu.

2. gr.

Sorphirðugjald árið 2010 er sem hér greinir:

vegna sumarhúss (frístundahúss):	9.500 kr.
vegna íbúðarhúsnæðis:	15.260 kr.

3. gr.

Sorphirðugjöld eru innheimt með fasteignagjöldum. Gjald dagar fasteignagjalda verða 7 talsins, 15. hvers mánaðar: í febrúar, mars, apríl, maí, júní, júlí og ágúst.

4. gr.

Gjaldskrá þessi var samin og samþykkt af sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar með stoð í 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast gildi 1. janúar 2010.

Hvalfjarðarsveit, 12. desember 2009.

Laufey Jóhannsdóttir sveitarstjóri.